

Greiðslutegundir lífeyristrygginga - janúar 2009

Ef greiðsla grunnlífeyris er ekki fyrir hendi vegna tekna þá greiðast ekki tengdir bótaflokkar.

Greiðslutegundir	Skýring	Mán.gr.	Skerðing byrjar		Greiðslur falla niður		Skerðing
			Fritekjumark	Núllmark	ár	mán.	
Ellilífeyrir		kr.	ár	mán.	ár	mán.	%
Ellilífeyrir	1	29.294	2.575.220	214.602	3.981.332	331.778	25
Tekjutrygging	3	92.441	0	0	3.809.147	317.429	38,35
Heimilisuppbót	3	27.242	0	0	2.892.956	241.080	11,30
Hámarksupphæð án uppbóta		148.977					
Örorku-/endurhæfingarlífeyrir		kr.	ár	mán.	ár	mán.	%
Örorku- og endurhæfingarlífeyrir	1	29.294	2.575.220	214.602	3.981.332	331.778	25
Aldurstengd örorkuuppbót 100%	2	29.294					
Tekjutrygging	3	93.809	0	0	3.851.953	320.996	38,35
Heimilisuppbót	3	27.242	0	0	2.937.143	244.762	11,13
Hámarksupphæð án uppbóta		179.639					
Annað		kr.	ár	mán.	ár	mán.	%
Framfærsluviðmið - býr ekki einn	4	153.500					
Framfærsluviðmið - býr einn	4	180.000					
Örorkustyrkur	1	21.657	2.349.653	195.804	3.735.701	311.308	18,75
Uppbót á lífeyri - 5 til 140% af lífeyri	5				2.383.800	198.650	
Uppbót v/reksturs bifreiðar	6	10.828					
Vasapeningar	7	41.895	0	0	773.446	64.454	65

Útskýringar á tekjutengingum:

1. Ellilífeyrir, örorkulífeyrir, endurhæfingarlífeyrir og örorkustyrkur

Allar skattskyldar tekjur hafa áhrif á útreikning nema bætur almannatrygginga, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, greiðslur úr lífeyrissjóðum og úttekt séreignarlífeyrissparnaði. Fjármagnstekjur vega 100% frá 01.01.2009 en þó er 98.640 kr. frítækjumark á þeim. Tekjur maka skerða ekki bætur almannatrygginga en þó eru fjármagnstekjur ávallt taldar til sameiginlegra tekna.

2. Aldurstengd örorkuuppbót

Þessar greiðslur eru ekki tekjutengdar en grunnlífeyrir verður að vera fyrir hendi.

3. Tekjutrygging og heimilisuppbót

Allar skattskyldar tekjur hafa áhrif á útreikning nema bætur almannatrygginga, félagsleg aðstoð, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, og úttekt séreignalífeyrissparnaðar. Fjármagnstekjur vega 100% frá 01.01.2009. Tekjur maka skerða ekki bætur almannatrygginga en þó eru fjármagnstekjur ávallt taldar til sameiginlegra tekna. Heimililífeyrir eru frádrættir frá ákveðnum tekjuflokkum. Þeir frádrættir geta þó aldrei orðið hærrí en nemur samanlögðum tekjum í þeim tekjuflokkum.

Tekjur af atvinnu: Lífeyrisþegi getur valið að nota 60% atvinnutekna eða draga 1.315.200 kr. frá þeim. Með öðrum orðum er val á milli 1.315.200 kr. frádráttar eða 40% frádráttar. Tölvukerfi TR velur hagkvæmari kostinn fyrir lífeyrisþega.

Fjármagnstekjur: Draga má 98.640 kr. frá fjármagnstekjum.

Lífeyrissjóðstekjur örorkulífeyrisþega: Draga má 328.800 kr. frá lífeyrissjóðstekjum örorkulífeyrisþega.

Draga skal tekjuskerðingu grunnlífeyris frá tekjuskerðingu tekjutryggingar. Þetta leiðir til þess að núllmark tekjutryggingar er mismunandi eftir því hvort og þá hversu mikil skerðing grunnlífeyris er. Núllmark er það tekjumark sem greiðslur falla niður við.

	Lægsta núllmark	Hæsta núllmark
Tekjutrygging ellilífeyrisþega	2.892.548	3.809.147
Tekjutrygging örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega	2.935.353	3.809.147

4. Framfærsluviðmið

Ef samanlagðar greiðslur skattskyldra lífeyrisgreiðslna og tekna annars staðar frá eru undir lágmarksviðmiði er greitt það, sem upp á vantar, sem sérstök uppbót til framfærslu. Sömu skilyrði eru fyrir herra lágmarksviðmiði og fyrir heimilisuppbót.

5. Uppbót á lífeyri - 5 til 140% af lífeyri

Allar tekjur skerða. Uppbætur falla niður ef eignir í peningum og verðbréfum fara yfir 4 milljónir hjá einstaklingi en 8 milljónir hjá hjónum.

6. Uppbót v/reksturs bifreiðar

Þessar greiðslur eru ekki tekjutengdar en grunnlífeyrir verður að vera fyrir hendi.

7. Vasapeningar

Sama og tekjutryggingu.